




# LEYFI



*Með vísan til ákvæða laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir m.s.br., laga nr. 93/1995 um matvæli m.s.br., þegar um matvæli er að ræða og efnalaga nr. 61/2013 eftir því sem við á, veitir Heilbrigðiseftirlit Suðurlands hér með tímabundið leyfi til neðangreinds:*

**Leyfishafi:** Hveragerðisbær,  
kt: 650169 4849

**Vegna:** Varðeldur í Lystigarðinum Fossflöt og flugeldasýning á hæðinni fyrir ofan Lystigarðinn í tilefni Blómstrandidaga 2019

**Ábyrgðarmaður brennu:** Árni Svavarsson, kt. 041161 5909,  
sími: 660 3901

**Starfsemi:** Brenna og flugeldasýning  
**Leyfið gildir:** 17. ágúst 2019, kl: 21:00-22:30

**Starfsemin skal uppfylla neðangreind starfsleyfisskilyrði:**

**Varðeldur/brenna:**

- Leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands er skilyrt því að fyrir liggja endanlegt leyfi lögregluþingvalda fyrir brennunni.
- Ábyrgðarmaður brennu skal sjá til þess að eftirlit sé haft með bálkesti allt frá því að söfnun efnis hefst, á meðan brenna stendur yfir og þar til brenna er kulnuð og brennustæði hefur verið hreinsað.
- Óheimilt er að kveikja í bálkesti ef vindur fer yfir 15m/sek. eða vindátt er óhagstæð að mati lögreglu.
- Bálköst skal staðsetja þar sem góður aðgangur er að nægjanlegu slökkvivatni og ekki nær íbúðarbyggð en 100 m og ekki nær matvælaframleiðslu eða öðrum viðkvæmum rekstri en 400 m. Bálköst skal ekki staðsetja þar sem hættu er á að eldur eða neistaflug geti kveikt í gróðri eða sinu.
- Á brennustæði skal vera þykkur og þéttur leirkendur jarðvegur sem getur bundið olíu



og fangað þau spilliefni sem niður fara. Ef náttúrulegar aðstæður eru ekki fyrir hendi skal tryggt, t.d. með sandbornu undirlagi vel út fyrir brennustæði, að jarðvegur og gróður skemmist ekki.

6. Fyllstu varúðar skal gætt við bálköst, bæði hvað varðar íkveikju- og mengunarhættu og skal þannig gengið frá brennuefni að ekki sé hætt á foki frá brennustæði, hvorki fyrir né eftir brennu.
7. Einungis er leyfilegt er að brenna hreint óvarið timbur og pappa. Ábyrgðarmanni brennu er skylt að sjá svo um að á brennu fari ekki óleyfilegur eldsmatur.
8. Verði notuð olía við uppkveikju ber að halda notkun hennar í lágmarki. Eingöngu má nota olíu sem afhent er beint frá olíufélagi.
9. Brennustæði skal hreinsað svo fljótt sem auðið er að brennu lokinni og eigi síðar en á öðrum degi frá því að kveikt er í bálkesti. Ösku og öðrum úrgangsefnum skal komið til förgunar skv. reglum þar að lútandi.

#### **Flugeldasýning:**

1. Leyfi Heilbrigðiseftirlits Suðurlands fyrir flugeldasýningu er skilyrt því að fyrir liggi endanlegt leyfi lögreglufyrivalda fyrir sýningunni.
2. Skylt er að haga allri háværrí starfsemi þannig að hún valdi sem minnstu ónæði.
3. Óheimilt er að hefja flugeldasýningu ef vindátt eða veðrátt er óhagstæð að mati lögreglu.
4. Sjá skal um að skotsvæðið sé hreinsað sem fyrst að sýningu lokinni og úrgangi komið í viðeigandi förgun.

**Farið skal að fyrirmælum sveitarfélags, byggingarnefndar og Brunavarna um staðsetningu, opnunartíma og búnað er nær til ofangreindrar starfsemi.**

*Leyfi þetta er bundið við ofanskráða kennitölu, aðsetur og starfsemi. Leyfishafi skal uppfylla allar þær kröfur sem gerðar eru til starfseminnar í lögum. Leyfið fellur úr gildi ef eitt eða fleiri nefndra atriða breytast. Óheimilt er að hefja aðra starfsemi en leyfið nær til, nema að fengnu samþykki Heilbrigðiseftirlits Suðurlands.*

Selfossi, 17. júlí 2019,

F.h. Heilbrigðiseftirlits Suðurlands

---

Sigrún Guðmundsdóttir  
framkvæmdastjóri